

Félagssfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 11. Október 2023

Fyrirlesari: Nanna Briem, geðlæknir

Efni: „Siðblinda í fjármálaheiminum“

Mættir: 65, félagsmenn og nokkrir gestir

Formaður setti fund stundvíslega kl. 16. Að þessu sinni hefur enginn félagi látist á tímanum milli funda. En formanni þótti ástæða til að segja frá ferð okkar nítján féлага til Ísrael á dögnum og fagna því að við skulum öll hafa komist lífs heim í þann mund sem styrjöld braust út milli Ísrael og Palestínu.

Umræðuefni fyrirlesara var Siðblinda frá geðlæknisfræðilegu sjónarhorni. Auglýstur titill var reyndar “siðblinda í fjármálaheiminum” og kannski hafa einhverjir átt von á safaríkum dæmisögum. En Nanna flutti okkur vel skipulagðan, skýran og fróðlegan fyrirlestur um þessa alvarlegustu gerð persónuleikaröskunar. Hún sýndi okkur fyrst mynd af nokkrum þekktum siðblindum persónum og meðal þeirra var aðeins ein kona. Þetta voru hrottafengnir einræðisherrar og raðmorðingjar, en því fer fjarri að það eigi við um alla siðblindingja. Þetta er sú persónuleikaröskun sem oftast leiðir til innlagnar og hefur hvað mest samfélagsleg áhrif. Þetta fólk á erfitt með að aðlagast aðstæðum og öðru fólki og hegðun þess skaðar annað fólk. Tíðnin er talin 0,5-2%. Síðan leiddi Nanna okkur í gegnum skilgreiningar - og greiningarkerfi, sem byggist á einkennum sem lúta að tilfinningum, samskiptum, lífsstíl og hegðun. Það segir sig sjálft að þetta matstæki notar læknir til greiningar en er ekki sjálfsmat. Þannig fæst einkunn á skalanum 0-40. Allir fá einhver stig, sá sem fær 30 stig eða fleiri telst siðblindur. Matstækið var þróað í karlafangelsum og hentar kannski þess vegna verr til að greina konur. Erfðaþáttur siðblindu er sterkur og undirliggjandi er skortur á samhygð, læsi á andlitsviðbrögð, skynjun og skilningi á tilfinningum og ótta fórnarlamba og þessa drætti má þegar greina hjá börnum. Siðblindir eru ekki geðveikir og þekkja mun á réttu og röngu en taka ekki ábyrgð. En hvað með fyrirtækin og fjármálaheiminn? Jú, siðblindir geta einmitt valist til forystu þar sem sumir eiginleikar þeirra geta virst eftirsóknarverðir í öflugum forstjóra og leiðtoga. Talið er að tíðni siðblindra í þessum hópi sé eitthvað hærra en almennt er, kannski 3%. En oft fer illa ef siðblindingi er ráðinn í stjórnunarstöðu. Það koma upp eineltismál, fjarvistir og starfsfólk hættir. En er hægt að lækna það sem ekki er sjúkdómur? Eitthvað hefur bjartsýni aukist a að unnt sé að ná einhverjum bata, með fræðslu og stuðningi við að öðlast innsýn. Í umræðum að loknum fyrirlestri var m.a. minnst á hrúnið og hvernig þeir sem ná ekki 30 í stigum gátu sogast inn í stemninguna. Einnig var velt upp hvort finnanlegar væru líffræðilegar orsakir, í taugavef eða hormónum - kannski?

Fleira gerðist ekki og formaður sleit fundi kl. 17:05.

Helga M. Ögmundsdóttir